



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 28. ágúst 2019

R18100338

6631

Borgarráð

Skerjafjörður - Heimild til þess að auglýsa lóðir með útboðsfyrirkomulagi

Óskað er eftir heimild borgarráðs til þess að auglýsa með útboðsfyrirkomulagi eftir kaupendum að byggingarrétti á nýju uppbyggingarsvæði við Skerjafjörð á reitum 4 og 10.

Greinargerð:

Árið 2013 keypti Reykjavíkurborg landsvæði við Seljamýri í Skerjafirði af íslenska ríkinu til þess að nýta undir nýja byggð. Árið 2017 var haldin hugmyndaleit um þróun svæðisins þar sem fimm teymi sendu inn tillögur um svæðið. Upp úr þeirri samkeppni var ákveðið að ráða teymi ASK arkitekta, Eflu verkfræðistofu og Landslag landslagsarkitekta til þess að vinna áfram að verkefninu.

Vorið 2018 samþykkti borgarráð rammskipulag fyrir svæðið og fól Umhverfis- og skipulagssvið að hefja vinnu við deiliskipulag svæðisins. Síðasta vor samþykkti borgarráð úthlutunaráætlun fyrir fyrsta áfanga svæðisins. Þegar er búið að gefa vilyrði á svæðinu til Félagsstofnunar Stúdenta, Bjargs og Frambúðar.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Úthlutunaráætlun

Úthlutunaráætlun Skerjafjörður

Mögulegir lóðarhafar taki þátt í skipulagsvinnu

